

# Kaup Advania Holding hf. á öllu hlutafé í Evolv Robotics ehf.

13. maí 2026

*Kaup Advania Holding hf. á öllu hlutafé í Evolv Robotics ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samrunaaðilar starfa á upplýsingatæknimörkuðum. Samkeppniseftirlitið lauk málinu án frekari rannsóknar á fyrsta fasa.*

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til kaupa Advania Holding hf. á öllu hlutafé í Evolv Robotics ehf. Fullnægjandi samrunatilkynning vegna kaupanna barst Samkeppniseftirlitinu þann 1. apríl 2026, að undangengnum forviðræðum.
2. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Í samræmi við framangreint byrjuðu frestir eftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d samkeppnislaga að líða 7. apríl 2026.
3. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Með samrunanum eignast Advania Holding hf. allt hlutafé í Evolv robotics ehf. (hér eftir „Evolv Robotics“). Samkvæmt framangreindu fela kaupin í sér samruna í skilningi 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.
4. Advania Holding hf. á allt hlutafé í Advania Ísland ehf. Samkvæmt samrunaskrá er Advania Ísland ehf. upplýsingatæknifyrirtæki sem býður upp á samþættar og heildstæðar lausnir fyrir fyrirtæki og stofnanir, þar á meðal hugbúnaðar- og vélbúnaðarkaup, hýsingar- og rekstrarþjónustu, innleiðingar og ráðgjöf á upplýsingatæknikerfum, ásamt sérhæfðri hugbúnaðarþróun. Sameiginlega er vísað til félaganna sem „Advania“.
5. Evolv Robotics starfar samkvæmt samrunaskrá við smíði og þróun á stafrænum vinnuþjörkum (e. *software robots*) fyrir vélræna sjálfvirknivæðingu ferla (e. *Robotic Process Automation, RPA*). Lausnin sé nýtt til að hanna og sjálfvirknivæða reglulega og síendurtekna viðskiptaferla innan fyrirtækja.
6. Að mati samrunaaðila er skörun á vöru- og þjónustuframboði þeirra hverfandi, að frátöldum þremur lausnum Advania sem gætu talist staðgönguvörur við vörur/þjónustu Evolv Robotics:
  - Microsoft Power Automate
  - Microsoft Azure Logic Apps
  - Microsoft Copilot studio
7. Að mati samrunaaðila er unnt að skilgreina sérstakan markað fyrir sölu, þróun og ráðgjöf við sjálfvirknivæðingu viðskiptaferla á milli eða innan fyrirliggjandi kerfa (e. *business process automation leveraging existing programs*) með RPA eða annarri sambærilegri tækni. Þannig séu staðgönguáhrif á



milli lausna sem bjóða upp á einhvers konar flæðisstjórnun (e. *workflow automation*) á milli eða innan fyrirliggjandi kerfa, hvort sem notast sé við RPA eða aðra sambærilega tækni.

8. Hvað landfræðilegan markað varðar telja samrunaaðilar unnt að líta til þess að hann sé afmarkaður við Ísland en að samkeppnislegt aðhald stafi frá erlendum fyrirtækjum og ekki útilokað að markaðurinn haldi áfram að þróast í þá átt að verða alþjóðlegur.
9. Að mati samrunaaðila leiði samruninn ekki til skaðlegra áhrifa á samkeppni. Ekki sé skörun á milli samrunaaðila á umræddum markaði og markaðsráðandi staða ekki að verða til eða styrkjast, auk þess sem Advania njóti ekki markaðsráðandi stöðu á öðrum nefndum upplýsingatæknimörkuðum og séu því ekki líkur á skaðlegum útilokunaráhrifum vegna samrunans.
10. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.
11. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, þeirra gagna sem fylgdu og annarra aðgengilegra og fyrirliggjandi upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði. Auk þess veitti Samkeppniseftirlitið helstu keppinautum skv. samrunaskrá færri á að koma að athugasemdum vegna samrunans, markaðsskilgreininga og mögulegra samkeppnislegra áhrifa. Í þeim umsögnum sem bárust voru ekki gerðar athugasemdir við markaðsskilgreiningu eða umfjöllun samrunaaðila um samkeppnisleg áhrif.
12. Þeir markaðir sem samruninn hefur áhrif á eru fyrst og fremst upplýsingatæknimarkaður og mögulegir undirmarkaðir, en Samkeppniseftirlitið hefur í fyrri ákvörðunum sínum talið mögulegt og haldið því opnu að hægt sé að skilgreina margvíslega undirmarkaði upplýsingatæknimarkaðar.<sup>1</sup>
13. Miðaði athugun Samkeppniseftirlitsins m.a. að því að leggja mat á stöðu samrunaaðila á mögulegum þrengri mörkuðum m.t.t. samþjöppunar og láréttra áhrifa, og stöðu Advania á heildarmarkaði fyrir upplýsingatækni m.t.t. mögulegra samsteypuáhrifa. Gefa gögn málsins hvorki til kynna að af samrunanum stafi lárétt áhrif m.v. framangreindar mögulegar markaðsskilgreiningar né samsteypuáhrif. Með hliðsjón af niðurstöðu málsins telur Samkeppniseftirlitið ekki nauðsynlegt að skilgreina formlega þá markaði eða undirmarkaði þar sem áhrifa samrunans gætir helst, þar sem það hefur ekki áhrif á niðurstöðu samrunamálsins.
14. Með hliðsjón af framangreindu eru ekki vísbendingar um að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að samkeppni verði raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti þannig að samruninn sé ósamþýðanlegur 17. gr. c. samkeppnislaga nr. 44/2005.

---

<sup>1</sup> Sjá t.d. ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2012, *Undanþágubeiðni vegna starfsemi Reiknistofu bankanna hf.*, ákvörðun nr. 31/2015, *samruni Advania hf. og Tölvumiðlunar ehf.*, ákvörðun nr. 3/2019, *Greining á markaði fyrir fjárhagskerfi*, ákvörðun nr. 23/2019, *samruni Advania Holding hf. og Wise Lausna ehf.*, ákvörðun nr. 14/2023, *Kaup Topicus.com BV á Five Degrees Holding BV*, ákvörðun nr. 1/2022, *Samruni Opinna Kerfa hf. og Premis ehf.*, ákvörðun 35/2023, *Kaup Wise lausna ehf. á Þekkingu – Tristan hf. og ákvörðun nr. 44/2023, Samruni Opinna Kerfa hf. og TRS ehf.*



Af þeim sökum telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til þess að aðhafast vegna samrunans og lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa.

**Ákvörðunarorð:**

**„Kaup Advania Holding hf. á öllu hlutafé í Evolv Robotics ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að hafast frekar að í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson